

**Ed.**

**843. Frumvarp**

til laga um heimild handa ríkisstjórninni til ýmissa ráðstafana vegna viðskiptasamnings við brezku stjórnina.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til þess að ákveða með reglugerð, hversu mikið af frystu og kældu kjöti megi flytja til Bretlands og ákveða, hvernig útflutningi skuli hagað.

2. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til, ef þörf krefur, að ákveða hámarksútflutning af fiski til Bretlands og ákveða með reglugerð, hvernig útflutningi skuli hagað.

3. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að bafa eftirlit með innflutningi á kolum og, ef þörf krefur, að banna um stundarsakir innflutning á kolum frá öðrum löndum en Bretlandi, svo og ákveða með reglugerð, hvernig innflutningi kola skuli hagað.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda meðan viðskiptasamningur við Breta frá 17. maí 1933 stendur.